

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1985 skal gjalddagi eftirlitsgjalds vera 1. júní og eindagi 1. ágúst.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. júní 1985.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

Fylgiskjal.**Flokkun fyrirtækja eftir umfangi og gerð.**

I.	II.	III.	IV.
A 300	A 300	A 300	A 300
B 1 000	B 2 000	B 3 000	B 4 000
C 0	C 0	C 0	C 0
D 4 000	D 8 000	D 15 000	D 25 000
Bensínstöðvar	Fangageymslur	Brauðgerðarhús	Stórmarkaðir
Leiktækjasalir	Félagsheimili, sem	Brauðstofur	(stærri)
Gufubaðstofur	ekki eru með sam-	Pizzugerðir	kjörbúðir
Ljósastofur	felldan veitinga-	Félagsheimili með	Stór hótél
Lækningastofur	rekstur	veitingarekstur	Stórar matvæla-
Rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofur	Gistiheimili, án veitinga	Fiskverslanir	vinnslustöðvar
Sælgætis- og tóbaksverslanir	Heilsuræktarstöðvar	Minni hótél	Stór brauðgerðarhús
Málningarverslanir	Brauðgerð/brauðsala	Dvalarheimili	Mjólkurstöðvar
Tannlæknastofur	Kvikmyndahús	Ísbúðir/ísgerðir	Vinnuheimili
Torgsala	Læknastöðvar	Kjörbúðir/nýlendu- vöruverslanir	Tækifærisveitingar vegna stórsýninga, kaupstefna o. þ. h.
Annar rekstur sam- bærilegur	Matsöluvagnar	Leiktækjasalir m/veitingum	Annar rekstur sam- bærilegur
	Mótuneyti (minni)	Skyndibitastaðir	
	Neysluvörugeymslur	Stærri samkomuhús	
	Nýlendu- vöruverslanir	Sælgætisgerðir (stærri)	
	Sælgætisgerðir (minni)	Veitingastaðir	
	Tækifærisveitingar	Vinnslustöðvar (minni)	
	Annar rekstur sam- bærilegur	Annar rekstur sam- bærilegur	

A Vottorð.

B Leyfisgjald, frumleyfi.

C Leyfisgjald, endurnýjun.

D Eftirlitsgjald.

10. júní 1985

Nr. 237

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 81 8. mars 1973 um Vatnsveitu

Raufarhafnar.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28, 29.

apríl 1973. Upphæð vatnsskatts skal vera 0.40% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningastofn fasteignaskatts, upphæð vatnsskatts skal þó aldrei verða lægri en kr. 50,00 fyrir hverja skattskylda fasteign. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár sem bygging fer fram. Sé bygging eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatni er veitt til eða vatnsæð er frá. Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts:

- a. Vatnsnot í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar er kr. 5,00 fyrir hvern rúmmetra af steypu.
- b. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytis-sölu, skal greiða kr. 6 500,00 á ári fyrir vatnsnotkun.
- c. Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 4,25 á hverja uppsaltaða tunnu síldar, sama, gjald er fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld sem lögð er á land til þökkunar og þæklunar skal greiða kr. 2,25 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- d. Fyrir vatnsnotkun við síldarbræðslu og aðra mjöl- og lýsisframleiðslu skal greiða kr. 6,50 fyrir hverja innvegna smálest af hráefni.
- e. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 8,00 á hverja smálest af innvegnum fiski.
- f. Fyrir vatn til skipa og báta skal greiða sem hér segir: Til fiskiskipa kr. 30,00 pr. smálest af vatni eða hluta úr smálest, til annarra skipa kr. 40,00 fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest. Lágmarksgjald til fiskiskipa skal vera kr. 300,00 en til annarra skipa kr. 400,00.
- g. Greiðsla fyrir vatnsnot ótalin hér skulu fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.
- h. Ofangreind gjaldskrá, töluliðir a til g gilda frá 1. maí 1985, og tekur breytingum samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Kirkjumiðstöð Austurlands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra, 10. júní 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kirkjumiðstöð Austurlands.

1. gr.

Stofnunin heitir Kirkjumiðstöð Austurlands og er sjálfseignarstofnun og rekur Kirkjumiðstöð fyrir Austurland á eigin ábyrgð fyrir ýmsa starfsemi á vegum Þjóðkirkjunnar á Austurlandi, svo sem sumarbúðir ungmenna, mót, námskeið og orlofsdvalir. Stofnunin yfirtekur og eignast byggingu sem er í smíðum við Eiðavatn undir umsjón Prestafélags Austurlands, sbr. sérsamning um eignayfirtöku (afsal). Er þessi bygging afhent skuldlaus og án allra kvaða.